

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999



Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarþúnaður
9. Efnaeiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Hættulýsing

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **DOT 4 Bremsuvökvi**
Vörunúmer: **115-BF42** (+ magnmerking)
Notkun: **Bremsuvökvi**
Dreifing: **Bílaust hf. Reykjavík**
Framleiðandi: Comma Oil & Chemicals Ltd. Kent. Englandi
Neyðarsími framleiðanda: 0 44 01474 564311
Fax: 0 44 01474 333000

Sími Neyðarlinu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112
Upplýsingamiðstöð v/eitrunar, Landsspítala í Fossvogi,
Rvk. **Sími 543 2222**

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur.	Hættufl.	Hættusetningar (H)
111-46--6		Dí-etýlen-glýkól	10-30%	(Xn)	22
143-22-6		Bútýl-trí-glýkól	10-30%	(Xi)	36
111-77-3		Methýl-dí-glýkól	<10%	(Xn)	63

Ath. Ofangreindar upplýsingar eru um þau innihaldsefna sem flokkast sem hættuleg.

3. Varúðarupplýsingar.

Helsta hætta: Ertir augu.

4. Skyndihjálp: Einkenni

Snerting við húð: Hugsanlegur möguleiki á lítilsvægri ertingu á snertifleti.

Snerting við augu: Gæti orðið vart við ertingu og roða.

Við inntöku: Flökurleiki og magaverkir. Hugsanlega uppsölur. Gufa úr maga getur komist í öndunarfæri og valdið sams konar einkennum og við innöndun.

Við innöndun: Getur valdið flökurleika, magaverkjum og hugsanlega uppsölum. Sljóleiki og skert meðvitund og jafnvel meðvitunarleysi.

Skyndihjálp: Aðgerðir

Snerting við húð: Fjarlægjið strax allan fatnað og skó sem mengast hefur af efninu nema hann hafi náð að festast við hörundið. Baðið snerta húð með rennandi vatni í 10 mín. eða lengur liggi efnið enn við. Leitið læknishjálpar ef merki eru um bruna eða eitrun.

Snerting við augu: Baðið augun upp úr rennandi vatni í 15 mín. Leitið sérfræðilegrar læknishjálpar.

Framhald á bls. 2

Við inntöku:	Framkallið ekki uppsölu. Sé viðkomandi með meðvitund skal láta hann drekka strax hálfan lítra af vatni. Sé viðkomandi meðvitundarlaus; kannið hvort öndun er eðlileg og beitið öndunaraðstoð ef nauðsyn ber til. Sé viðkomandi meðvitundarlaus en andar eðlilega skal koma honum fyrir í hliðarlegu og gera ráðstafanir til að koma honum sem fyrst á sjúkrahús.
Við innöndun:	Flytjið viðkomandi á öruggan stað og gætið eigin öryggis um leið. Sé viðkomandi meðvitundarlaus; kannið hvort öndun er eðlileg og beitið öndunaraðstoð ef nauðsyn ber til. Sé viðkomandi meðvitundarlaus en andar eðlilega skal koma honum fyrir í hliðarlegu. Sé viðkomandi með meðvitund skal láta hann sitja eða liggja útaf. Verði öndun hryglukennd skal láta viðkomandi sitja uppi og gefa honum súrefni, sé það tiltækt, og flytja hann á sjúkrahús eins fljótt og auðið er.
5. Eldsvoði: Slökkvun.	
Slökkviefni - aðferð:	Kolsýra
Athugið:	Klæðist hlífðarfötum og hlífðarbúnað til varnar hörundi og augum.
6. Efnaleki.	
Persónuhlífar:	Sjá kafla nr. 8
Umhverfisgát:	Myndið garð umhverfis efni sem lekið hefur út þannig að það nái ekki að breiða úr sér.
Hreinsun:	Bindið efnið með uppsuguefni, þurrum sandi eða mold, setjið í traust ílát og fargið sem spilliefni.
7. Meðhöndlun og geymsla.	
Meðhöndlun:	Meðhöndlið þannig að sem minnst hætta skapist á leka.
Geymsla:	Geymið á köldum vel loftræstum stað. Hafið umbúðir tryggilega lokaðar.
8. Persónuhlífar - forvarnir.	
Ráðstafanir:	Gangið úr skugga um að næg loftræsting sé á notkunarstað.
Persónuhlífar:	
Öndun:	Öndunargrímur þurfa að vera tiltækar skapist hættuástand.
Hendur:	Hlífðarhanskar
Augu:	Hlífðargleraugu
Húð:	Hlífðarbúningur með teygju í ermum og hálsmáli.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form:	Vökvi
Litur:	Gul-brúnn
Lykt:	Merkjanleg
Seigja:	
Blossamark:	90 °C
Rúmpýngd:	1,050 við 20 °C
Sýrustig (pH):	7-10,5
Leysanleiki í vatni:	Leysanleg í mismunandi hlutföllum
Suðumark:	230 °C
Bræðslumark (svið):	mínus 50 °C
Blossamörk:	90 °C
Sjálfkveikimörk:	300 °C

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki: Stöðugt við eðlilegar aðstæður.

11. Eiturfræðileg atriði.**12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.****13. Förgun.**

Efninu skal farga sem spilliefni hjá spilliefnamóttöku og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð spilliefna.

Umbúðum skal farga samkvæmt gildandi lögum og reglum um förgun iðnaðarúrgangs.

Ath. Vakin er athygli notanda á að mismunandi reglur kunna að gilda hjá mismunandi sveitarfélögum um förgun spilliefna og meðferð iðnaðarúrgangs.

14. Flutningur:

ADR/RID

UN nr. -

Efnisheiti sendingar: Ekki flokkað fyrir flutning.

IMDG/IMO UN nr. -

IATA/ICAC Un nr. -

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Xi Ertandi

Hættusetningar: **H36** Ertir augu.

Varnaðarsetningar: **V2** Geymist þar sem börn ná ekki til.
V7 Umbúðir skulu vera lokaðar.

Framhald á bls. 4

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

Xi



Ath. Varnaðarmerkingin: Hættulegt umhverfinu sbr. H52/53 er ekki nauðsynleg þegar þetta skjal er gefið út 23.3.2004.

Ath. Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Comma Brake Fluid DOT 4 innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunni að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:
Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999
Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Hættusetningar gefnar upp í kafla 2.

H38 Ertir húð.

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

(H = hættusetning samsvarar R = Risk á ensku)

Dagsetning útgáfu frumrits: 23.4.2002

Endurskoðun: Nr. 2

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Comma Oil & Chemicals Ltd. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílanaut hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Safety Data Sheet. Comma Brake Fluid DOT 4 MSDS. Útg. 23/04/2002

Þýtt og uppsett fyrir Bílanaut hf. Í mars 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataeknifræðingur, Reykjanesbæ.